

Innan þriggja klukkustunda fyrir eða eftir töku lyfsins má ekki drekka mjólk eða súrmjólk, taka járn eða sýrubindandi lyf. Varasamt er að gefa ung-  
börnum lyfið.

## 2. gr.

Undanþága varðandi lausasölu á lyfjum, er innihalda acetphenolisatinum fellur niður. Acetphenolisatinum verður lyfseðilsskylt án undantekninga sbr. 10. gr.

## 3. gr.

Stærð lyfseðils sbr. 3. gr. stafliður a. sbr. og viðauki 4, skal vera að breidd 10—11 cm og að lengd 20,5—22,5 cm. Heimilt er að geta nafns læknis, aðseturs og síma efst á lyfseðli.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. október 1975.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grimsson.*

## AUGLÝSING

### um skipulag í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Andakílshrepps í Borgarfjarðarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum á fornum lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1975.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi á horni Hæðargarðs og Grensásvegur í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 30. september 1975 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi á horni Hæðargarðs og Grensásvegur í Reykjavík, reit 1.816.3, að því er varðar eftirfarandi: